


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Kennsluáætlun í byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu tæknina

eftir Jón Guðmundsson
Teikningar: Böðvar Leós
Námsgagnastofnun 2007

Hugsuð fyrir 3. - 4. bekk

Þigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um tæknina frá fjölbreyttum sjónarhornum. Aðgangur að bókasafni, hljómflutningtækjum, tölvum. Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkan pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv. Sandpappírskubbar (fást í bygginarvöruverslunum).

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafrn Ef væri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

[Rysugan á fullu](#) ***

[Járnkarlinn](#) ***

[Bella símamær](#) ***

[Flugvélar](#) ***

Pálína og saumamaskína ** (Það var einu sinni strákur(sama lag).

Dæmi um hlustunarefni

[Járnkarlinn](#)

[Bella símamær](#)

[Ritvélín](#)/The Typewriter – Leroy Anderson

[Flugvélar – Nýdönsk](#)

[Sandpappírsballett](#) - Leroy Anderson

[Spitfire Prelude and Fugue](#) (flugvél) – William Walton

[Símapolkinn](#) (Telephone Polka) – E. Strauss

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, læra ljóð (söngtexta), og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða s-t,
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnrænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir virkni í hópvinnu.

Heimavinna

Fara heim með bókina *Komdu og skoðuðu tæknina* og ræða innihaldið við fjölskylduna og hvaða tækni snerti heimilið, skrá á blað.

Upplestur (Komdu og skoðaðu tæknina)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Hugtök skráðir á töflu (flettistöfluna)
- Ýmsar myndir þar sem tæknin kemur við sögu sýndar

Syngja: **Pálína og saumamaskínan**

Ryksugan á fullu

Hlusta á: [Sandpappírballlett](#) - Leroy Anderson

[Rysugan á fullu](#)

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(tæknin)
Söngur
Hlustun



Ballett

Ballett er kassískt dansform á sviði þar sem dönsuð er saga við hljómsveitarundirleik.

Dansinn er mjög krefjandi og dansað er á tásóm.



Hlustið á sandpappírballlettinn og skiptist á að nota sandpappírakubba.

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu): tækni, merkilegt, ímyndunarafli, mjaltavél, uppfinningamaður, þróa, hæfileiki, auðlynd, hugvit, hráefni, flókinn, öxi, steinvala, eldur, fjarstýring, áfangastaður, landnámsmaður, hættuspil, handafl, loftbelgur, svifflugla, hreyfill, gerfihnöttur, lyftikraftur, fiskveiðar, erfiðisvinna, ísskápur, plastumbúðir, vísindamaður, hitaveita, sundlaug, rafmagn, heimahús, sími, ljósapera, eldsneyti, vetni, bensín, rafleiðsla, vatnsrör, rafhlaða, rafmagnað, skilaboð, póstur, viðtakandi, samstundis, stjörnuvíkingur, forvitinn, eldflaug, hreyfill, málmur, hugmynd, nytsamur, uppgötvun, eynabólga, bólusetning, farsími, þyngdarleysi, svífa, sjúkdómur, aðgerð, frumstæður, áhald, batna, lækningaaðferð, lyf, baktería, sýklalyf, tæki, undur, sperra eyrun, ilmur, þögn
- **Lykilorð:** ímyndunarafli, uppfinningamenn
Nota meðfylgjandi blað til að skrifa ný orð á (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda samhljóðin s-t: – (ljósrit úr bók, paravinna).

Syngja: **Bella símamær**

Hlusta á: [Bella símamær](#)
[Símapolkinn](#) (Telephone Polka) – E.

Strauss

2. lota

Viðfangsefni bókin
Komdu og skoðaðu tæknina
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Samhljóðar s-t
Ritun – stafagerð
Hlustun





Polki

Polki er fjörugur paradans frá Tékklandi, takturinn er tvískiptur (einn, tveir).



Lærið að dansa [polka](#) eftir þessu myndbandi og skemmtið ykkur.

<p>Stöðvavinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Býr til veggspjald: Fyrstu tækin (bls. 4-5). ○ Hópur 2: Býr til veggspjald: Skip og flugvélar (bls. 8-9). ○ Hópur 3: Nytsöm tæki á heimilum og við vinnu (bls. 10-11). <p>Hópur 4: Býr til veggspjald: Hitaveitur (bls. 12-13). Hópur 5: Býr til veggspjald: Rafmagn (bls. 14-15). Hópur 6: Býr til veggspjald: samskipti-skilaboð (bls. 16-17) Hópur 7: Býr til veggspjald: Lækningar (bls. 20-21).</p> <p>Syngja: Flugvélar</p> <p>Hlusta á: Flugvélar – Nýdönsk Spitfire Prelude and Fugue (flugvél) – William Walton</p>	<p>3. lota</p> <p>Myndræn yfirlýsing Ný orð Ritun – stafagerð Upplýsingaöflun/ Bókasafn/ Tölvur Hlustun</p> <p> Prelúdía er forleikur, stutt verk fyrir hljóðfæri. Fúga er byggð á litlu stafi sem gengur sífellt í gegnum verkið eins og rauður þráður.</p> <p> Hlustið á Flugvélar og hlustið á taktinn 4/4 (einn, tveir, þrír, fjór), skiptið í fjóra hópa, hver hópur hefur sömu gerð af ásláttarhljóðfærum. Veljið sterkasta (háværasta)hljóðgjafann til að slá á fyrsta slaginu og hina svo koll af kolli þ.e. hver hópur slær bara einu sinn á fyrsta, öðru, þriðja eða fjórða slagi.</p>
<p>Stöðvavinna: Áframhald á vinnu lotu 3</p> <p>Syngja: Járnkarlinn</p> <p>Hlusta á: Járnkarlinn</p>	<p>4. lota</p> <p>Myndræn yfirlýsing Ný orð Ritun – stafagerð Upplýsingaöflun/ Bókasafn/ Tölvur Söngur Hlustun</p>
<p>Sýning</p> <p>Nemendur sýna vinnu sína við veggspjöldin og segja frá sínum hlut. Nemendur gefa hópverkefnum stjórnur.</p>	<p>5. lota</p> <p>Munnleg tjáning Framsaga Hlustun</p>

Þigurljina Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU TÆKNINA

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Ryksugan á fullu

Ryksugan á fullu étur alla drullu,
lalalala, lalalala, lalalala.
Skúra skúbb' og bóna ríf' af öllum skóna,
lalalala, lalalala, lalalala.

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Ryksugan á fullu étur alla drullu,
lalalala, lalalala, lalalala.
Sópa burtu rykið með kúst og gömlu priki,
lalalala, lalalala, lalalala.

Bella símamær

Hún Bella, Bella, Bella, Bella símamær,
er ekki alveg fædd í gær.
Hún Bella, Bella, Bella, Bella símamær,
hún kann á flestum hlutum skil,
og kallar; viðtalsbil.

Í ástarmálum gildir aðeins forgangshrað,
ég ætti best að vita það.
Í fjöri jafnt sem fegurð allar út hún slær,
hún Bella, Bella, Bella símamær.

Halló, halló, já hvað heitið þér?
Hvað viljið þér mér? Í bíó, ónei
ég þekki yður ei.
Halló, halló, nei ert þetta þú?
ég þekki þig nú,
þá semjum við frið,
þar slóstu mér við!
Og augun hennar eru bæði blá og djúp og skær,
hún brosir dátt og hlær.

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Ryksugan á fullu étur alla drullu,
lalalala, lalalala, lalalala.
Prífa allan skítinn svo einhver vilji líta inn,
lalalala, lalalala, lalalala.

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa
og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi.
Og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Ólafur Haukur Símonarson

Hún Bella, Bella, Bella, Bella símamær,
er ekki alveg fædd í gær.
Hún Bella, Bella, Bella, Bella símamær,
hún kann á flestum hlutum skil,
og kallar; viðtalsbil.

Í ástarmálum gildir aðeins forgangshrað,
ég ætti best að vita það.
Í fjöri jafnt sem fegurð allar út hún slær,
hún Bella, Bella, Bella Bella
Bella, Bella, Bella, Bella
Bella, Bella, Bella símamær.

Loftur Guðmundsson

Járnkarlinn

Égþekkti eitt sinn drengstaula
sem fögur var og fár,
með reytt og úfið hár,
svo skyndibitablár.
Ég sá of þennan strákaula
Hann gugginn var og grár.
Hann vældi þó að aldrei kæmu tár.

Hann vildi aldrei borða neitt
sem kraftinn gefið gat,
hann bara sat og sat
og gaf í fæðu frat,
en mamma hans og pabbi
pældu allar leiðir út,
en dýrið setti' upp vandlætningar stút.

Þá vítamín amma' honum kraftinn allan gaf.
Hún dældi honum ofan í hann þegar hann svaf.
Stafrófinu af vítamínum fékk hún í hann blekk
Með smurólíukönnu og stórri trekt.

Hann er eins og klettur það heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Þegar hann dettur þá heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann heitir Árni og segir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann er úr járni, því heyrir doj-joj-joj-joj-joj.

Og amma hans með blindu auga
bissnesljósið sá
gull á fingri og tá, sú gamla fór að spá.
Að markaðssetja gemlinginn
Til gróða yrði gott
og Íslands besta landkynningarplot.

Nú æðir hann um heimsbyggðina
Í hasarfullum leik
umbinn amma hvergi smeyk,
hann lemur alla í steik
Sem andlit okkar út á við
Hann talar skýrt og hátt
hann gæti leikið He-man voða grátt.

Já vítamín amma' honum hormónana gaf.
Húndældi þeim ofan í hann þegar hann svaf.
Stafrófinu af bætiefnum fékk hún í hann blekk
Með smurólíukönnu og stórri trekt.

Hann er eins og uxi það heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Þegar hann er hugsí þá heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann heitir Árni og segir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann er úr járni, því heyrir doj-joj-joj-joj-joj.

En vítamín amma' honum bætiefnin gaf.
Hún dældi þeim ofan í hann þegar hann svaf.
Bílhössum af próteinfæðu fékk hún í hann blekk
Með fægiskóflu og risastórri trekt.

Hann er eins og klettur það heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Þegar hann dettur þá heyrir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann heitir Árni og segir doj-joj-joj-joj-joj.
Hann er úr járni, því heyrir doj-joj-joj-joj-joj.

Flugvélar

Þegar ég horfi á þig mér finnst ég vera til
Allt verður auðvelt, allt verður einfalt
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt?
Þegar ég horfi á þig lifna dauðir hlutir við
Steinarnir ilma, gráta og hlægja
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt
að allt verði yfirstigið, hvert náttúrunnar lögmál

Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig og býst svo til landingar

Þegar ég horfi á þig er veröldin svo smá
í faðmlagi okkar - jörðin og sólin
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt
að allt verði yfirstigið, hvert náttúrunnar lögmál

Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig og býst svo til landingar

Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig og býst svo til landingar
tvær ástfangnar flugvéla

Nýdönsk

Pálína og saumamaskínan

Það var einu sinni kerling
og hún hét Pálína,
Pálína-na-na, Pála, Pála, Pálína
það eina sem hún átti var saumamaskína,
maskína-na-na, sauma, saumamaskína.

Og kerlingin var lofuð
og hann hét Jósafat,
Jósa-fat-fat, Jósa, Jósa, Jósafat.
En hann var voða heimskur og hún var apparat,
apparat-rat-rat, appa, appa, apparat.

Hann átti gamlan kúttur
og hann hét Gamli Lars,
Gamli Lars, Lars, Lars. Gamli, Gamli, Gamli Lars.
Hann erfði hann frá múttur og hún var voða skass,
voða skass, skass, skass, voða, voða, voða skass.

Svo hripaði hann línu
til hennar Pálínu,
Pálínu-nu-nu, Pálu, Pálu, Pálínu.
Og bauð henni út á Lars með sína saumamaskínu,
maskínu-nu-nu, sauma-saumamaskínu.

Svo sigldu þau í blússi
út á hið bláa haf,
bláa haf, haf, haf, bláa bláa haf.
Svo rákust þau á blinnsker og allt ætlaði í kaf,
allt í kaf, kaf, kaf, allt í bóla, bóla kaf.

Og Jósafat hann æpti:
Við höfum okkur fest
höfum fest, fest, fest, höfum, höfum okkur fest.
Ég held ég verði að kasta minni balla, balla lest,
ballalest-lest-lest, balla, balla, ballalest.

Það fyrsta sem hann kastaði
var saumamaskína,
maskína-na-na, sauma, saumamaskína.
Á eftir fór í hafið hans kæra Pálína,
Pálína-na-na, Pála, Pála, Pálína.

Nú reikar hann um og syrgir
sína góðu kærustu,
kærustu-stu-stu, sína kæru kerlingu
sem situr niðri á hafsbotni og snýr saumamaskínu
maskínu-nu-nu, sauma, saumamaskínu.

Gunnar Ásgeirsson, Sveinn Björnsson

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur

finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjörugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsgjafi og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsgjafi?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri feegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.


Komdu og skoðaðu tæknina -vinnublöð-

Komdu og skoðuðu tæknina - Lykilorð



ÍMYNDUNARAFL

Komdu og skoðaðu tæknina - Lykilorð



UPPFINNINGAMENN

Komdu og skoðaðu tæknina - orðasúpa




Þ A N U M R N G F Á H A L D Í
 S U R P S Ú O Ð J L A U Í U H
 Í Ð Ó P L Æ M Þ Ó H F P L N S
 S L P F J L Ð Í Ð E K P J G Ý
 S I A I Ó Á U N A I V G Ó L K
 K N A N S H U G V I T Ö S T L
 Á D S N A L L L M U T T A L A
 P U R I P I J Í E R Æ V P E L
 U G Ó N E S Ó L K E K U E R Y
 R V B G Ð M U L L A N N R A F
 L O F T B E L G U R I N A F I
 S L K U L A U S D K R N J M I
 R Í U P P Í R U S Ö Ð J A A U
 G E M A S T Æ K N I Ý L I G L
 Y F I I A R Ð S K O Þ R Æ N L

Finndu orðin:

TÆKNI	RAFMAGN	ÍSSKÁPUR
UPPFINNING	LOFTBELGUR	HUGVIT
LJÓSAPERA	SÝKLALYF	AUÐLIND
UPPGÖTVUN	SÍMI	ÁHALD

Komdu og skoðu tæknina - orðaskuggar






Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

sími, ísskápur, tækni, loftbelgur, ljósapera, áhald, sýklalyf

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Éú getur gert betur!</p>

